

Landsyfirréttardómar 1916

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 1/1915.

Þorbergur Tómasson

gegn

Jóhannesi Þórarinssyni.

D ó m u r :

Með bréfi, dags. 28. maí 1912 bygði hreppstjórninn í Öxarfjarðarhreppi sem umráðamaður Skinnastaðakirkjujarða eftir fyrirmælum prófastsins í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi stefnda í þessu máli Jóhannesi Þórarinssyni á Ærlækjarseli kirkjujörðina Akur fardagaárið 1912—1913, og samþykkti sýslumaður byggingarbréfið 20. júlí s. á. Jörð þessi var húsalaus og hafði verið í eyði mörg ár, gat stefndi því eigi flutt á hana, en bjóst við að nytja hana samkvæmt byggingarbréfinu. En þegar stefndi að áliðnum túnaslætti ætlaði að fara að slá túnið, hafði áfrýjandi, Þorbergur Tómasson bóndi á Skinnastöðum, slegið það og hirt. Stefndi krafðist bóta af áfrýjanda fyrir þetta tiltæki, en hann synjaði um þær og bar fyrir

sig byggingarbréf frá umráðamanni Skinnastaða, Halldóri prófasti Bjarnasyni. Stefndi höfðaði þá þetta mál gegn áfrýjanda fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu til skaðabóta fyrir tjón það, er hann hafði beðið fyrir sjálfstöku áfrýjanda, og taldi hann bæturnar ekki geta verið minni en fult verð heysins, er áfrýjandi hafði fengið af Akurtúni eða að minsta kosti 150 kr. Af hálfu áfrýjanda var í aukaréttinum engu svarað til um efni málsins, og lyktaði því svo, með dómi réttarins uppkveðnum 20. júní 1914, að áfrýjandi var dæmdur eftir kröfu stefnda til að greiða honum 150 kr. og að auki 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Þorbergur Tómasson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 2. janúar f. á., og að fengnu kgl. leyfisbréfi til að koma að nýjum málgögnum og málsástæðum, hefir hann fyrir yfirdóminum gert þær kröfur, að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Samkvæmt lögum nr. 46 um laun sóknarpresta 16. nóv. 1907, 6. gr., var prestsetrið Skinnastaðir metið til afgjalds af dómkvöddum mönnum 11. nóv. 1908. Eru í matsgerðinni taldar þrjár hjáleigur, er fylgi Skinnastöðum, og er afgjald tilgreint af tveimur, en um hina þriðju, Akur, er þess getið, að hún hafi staðið í eyði í mörg ár. Frá fardögum 1910

tók presturinn í Skinnastaðaprestakalli laun úr prest-launasjóði og uppi þau heimatekjur samkvæmt áminstu mati. Við fráfall hans var Skinnastaða- og Presthólaprestaköllum steipt saman, og tók presturinn í hinu samanlagða prestakalli, síra Halldór Bjarnason, þá einnig við heimatekjum af Skinnastaðum eftir hinu sama mati. Með byggingarbréfi 18. maí 1912 bygði hann áfrýjanda prestsetrið Skinnastaði fardagaárið 1912—1913, og lita báðir svo á, að Akur fylgdi með í þessari byggingu, þó að hann væri eigi nefndur í bréfinu, enda taldi presturinn, að eyðijörðin Akur væri hjáleiga frá Skinnastaðum og heyrði þá undir afnot sín og umráð, en ekki hreppstjóra. Hélt hann þessu fram í bréfi til prófests 12. júní s. á., og var málinu eftir það skotið til stjórnarráðsins og úrskurðaði það í bréfi til biskups 19. marz 1913 að fengnu álitu biskups og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og yfirlýsingu matsmannanna frá 1908 um, að þeir eigi hefðu tekið Akur með í matinu, að prestinum skyldi gerður kostur á að taka nefnda eyðijörð undir sín umráð frá fardögum 1913 að telja, gegn því að eftirgjald staðarins hækkaði um 15 kr. á ári.

Það hefir einkum borið aðilum á milli í máli þessu, hvort rétt sé að telja Akur sjálfstæða kirkjújörð eða hjáleigu Skinnastaða, og hvort afgjald af jörð þessari hafi verið talið í matinu 1908. Áfrýjandi telur Akur vera hjáleigu, sem eigi að fylgja prestsetrinu, þegar heimatekjur prests eru metnar. Því verði að gera ráð fyrir, að Akur, sem í matsgerðinni er talin með hjáleigum, felist í matinu, þó

að eigi sé talið sérstakt afgjald af honum, enda hafi hann þá og mörg undanfarin ár verið í eyði og land hans notað eins og annað heimaland Skinnastaða, svo að telja megi, að býli þetta hafi verið lagt niður og land þess runnið saman við land staðarins. Þessu til stuðnings bendir áfrýjandi á, að í hreppskilabók Öxarfjarðarhrepps og tíundarskýrslun 1909—1911 sé Akur eigi nefndur, en hundraða tala hans lögð saman við hundraðatölu Skinnastaða.

Hinsvegar heldur stefndi því fram, að Akur sé kirkjujörð, sjálfstætt býli, og hefir hann þar fyrir sér brauðamatið 1854, jarðabókina 1861 og skrifað brauðamat 1878 við biskupsdæmið; þar er Akur talinn kirkjujörð; svo telur og prófasturinn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 1896, en í brauðamati 1899 er Akurs eigi getið. Eftir þessu telur stefndi, að jörðin þeyri undir umráð hreppstjóra samkvæmt prestslaunalögunum og hafi því eigi verið talin með í matinu 1908, þótt hún þar sé nefnd hjáleiga, enda sé hún eigi metin til afgjalds, og engin úttekt eða afhending á henni hafi farið fram 1912 í hendur núverandi prests og hann eigi krafist þess.

Þó að sannað sé í málinu, að býlið Akur hafi verið í eyði og land þess notað af prestinum á Skinnastöðum um allmörg ár, þá er ekkert framkomið um það, að býlið hafi löglega verið lagt niður eða verið numið úr tölu sérstakra býla, en það verður ekki álitíð, að prestur hafi heimild til, þó að um hjáleigu væri að ræða, að leggja hana niður fyrir fult og alt án samþykkis kirkjustjórnarinnar, en það sézt eigi, að slíks samþykkis hafi verið leitað um

þetta býli. Það verður því eigi litið svo á, að umgetið býli sé löglega runnið saman við prestsetrið.

Um það, hvort jörðin Akur sé kirkjujörð eða hjáleiga, verður að fara eftir jarðabókinni 1861, sem er lög í því efni, sbr. tilsk. 1. apríl 1861, og með því að Akur þar er talin sjálfstæð jörð, verður að hlíta því, og þar sem áfrýjandi hefir stutt þá staðhæfingu sína, að jörð þessi hafi verið látin fylgja staðnum í matinu 1908, aðallega við það að jörðin sé hjáleiga, þá er sú ástæða ófullnægjandi, en svo verður að líta á, að matsmennirnir hefðu eigi, nema fyrirmæli kirkjustjórnarinnar kæmu til, getað tekið jörðina með í mati heimateknanna, enda lítur kirkjustjórnin svo á, og matsmennirnir hafa lýst því yfir, að matsgerðin taki eigi til nefndrar jarðar; svo er það og viðurkent í málinu, að jörðin hafi eigi verið afhent eða tekin út í hendur núverandi prests 1912. Eftir þessu hafði presturinn ekki byggingarráð á Akri fardagaárið 1912—1913, en þau voru samkvæmt prestlaunalögnum rétt komin hjá hlutaðeigandi hreppstjóra, og verður því bygging hans á jörðinni 28. maí 1912 til handa stefnda að teljast gild, en byggingarbréf prestsins 18. s. m. til áfrýjanda ógilt að því leyti sem ætlað yrði gegn mótmælum stefnda, að það taki til jarðarinnar Akurs, en eftir málavöxtum gerist eigi þörf að athuga það. Yfirdómurinn kemst því að sömu niðurstöðu og aukarétturinn um það, að áfrýjanda hafi verið óheimilt að slá og hirða tún jarðarinnar Akurs sumarið 1912, að hann hafi með því gengið á rétt stefnda og eigi að greiða hon-

um bætur fyrir. Þær hefir stefndi metið 150 kr., en áfrýjandi telur þá upphæð of háa. Með tilliti til þess að skaðabótakrafan virðist vera miðað við verð heysins, er það var slegið og hirt, þykir hæfilegt að meta bæturnar 120 kr., er áfrýjandi greiði stefnda. Vaxta hefir stefndi eigi krafist. Málskostnaðar ákvæði aukaréttardómsins samþykkist.

Áfrýjandi þykir og eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Þorbergur Tómasson, greiði stefnda Jóhannesi Þórarinssyni 120 krónur. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 30 kr.

Dóminum skal fullnægja, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. janúar 1916.

Nr. 22/1915.

Ágúst Gíslason, Jón Jónsson,
Guðmundur Helgason, Sigríður
Johnsen og Þórána Ögmundsdóttir
gegn

Jóni Jónssyni, Bergmundi Arn-
björnssyni, Arnbirni Ögmundssyni
og Sigurði Ólafssyni.